

Verkkaupi fyrir hönd íslenska ríkisins er fjarskiptasjóður, kt. 530306-0110, Innanríkisráðuneyti, Sölvhólsstötu 7, 150 Reykjavík, (hér eftir nefndur verkkaupi). Verksali er Öryggisfjarskipti ehf., kt. 641106-1430, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík, (hér eftir nefnd verksali). Samningur þessi er gerður með hliðsjón af viljayfirlýsingu verkkaupa og Neyðarlínunnar ohf. dags. 10. febrúar 2016.

## Opinber þjónustusamningur

### 1. Markmið

Með samningi þessum gera samningsaðilar samkomulag um að koma á ljósleiðarahringtengingu á Vestfjörðum til að auka öryggi og afköst fjarskipta á landssvæðinu en svæðið er tengt landsneti fjarskipta með einfaldri ljósleiðaratengingu. Til að auka öryggi fjarskipta á Vestfjörðum er því fyrirhugað að tvöfalda tenginguna með ljósleiðarastrengjum sem færu aðra leið en núverandi strengir þannig að til verði hringtenging. Verkið snýst um að leggja ljósleiðarastreng annars vegar frá fjarskiptahúsum við Nauteyri að Reykjanesi sem innifelur þverun Ísafjarðar með sæstreng og hins vegar frá Látrum að símstöð á Súðavík sem innifelur þverun Skötufjarðar, Hestfjarðar og Álftafjarðar. Að þeirri framkvæmd lokinni verður kominn samfelldur ljósleiðarstrengur frá Stað í Hrútafirði að Ísafirði um Hrútafjörð, Strengrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúp. Ljósleiðaratengingin með öllu því sem henni tilheyrir er hér nefnt ljósleiðarakerfið. Um er að ræða þjónustusamning í almannapágu (PSO – public service obligation sbr. ákvörðun 2012/21/ESB) sem gerður er í kjölfar markaðskönnunar sem leiddi í ljós að ekkert fjarskiptafyrirtæki gat tekið að sér uppbyggingu og rekstur ljósleiðarakerfisins gegn ásættanlegum opinberum stuðningi. Verkkaupi mun því greiða verksala fyrir hönd íslenska ríkisins fyrir að veita þjónustu í almannapágu sem lýst er í grein 2 og nánar í öðrum ákvæðum samningsins.

### 2. Þjónusta í almannapágu

Verksali tekur að sér byggingu og rekstur ljósleiðarakerfisins. Kerfið tengir saman fjarskiptahús við Nauteyri og símstöð í Súðavík. Verkkaupi telur það mjög jákvætt ef hægt er að nýta ljósleiðarainnviði, séu þeir til staðar, fyrir áformað ljósleiðarahringtengingu og hvetur verksala til þess að leita samninga um slíkt við eigendur ljósleiðarainnviða. Verksali skal nýta þessa innviði sé þess nokkur kostur enda leiði það til lægri fjárstuðnings. Það skal vera hægt að tengja ljósleiðarakerfið við grunnnet fjarskipta í símstöðvum á leið ljósleiðarans á þann hátt að slík tenging eða tengingar geri fjarskiptafyrirtækjum kleift að setja upp varaleið fjarskiptasambanda og önnur fjarskiptasambönd um ljósleiðarann. Fjarskiptabúnaður sem þarf til að veita fjarskiptaþjónustu um strenginn er ekki hluti verksins. Verkkaupi gerir ráð fyrir því að þeir sem nýta ljósleiðarakerfið leggi til þann búnað sem til þess þarf. Verksali leggur til allt efni, tæki, mannafla og allt annað sem þarf til verksins. Verkkaupi leggur til niðurstöðu könnunar á hentugri leið sæstrengja auk greiðslu kostnaðar við byggingu ljósleiðarakerfisins. Verksala ber að kynna verkáætlun fyrir verkkaupa til samþykktar eða synjunar á lokahönnun og útfærslu kerfishögunar áður en ráðist er í framkvæmdir. Nýta skal hagkvæma samlegð með öðrum fyrirhuguðum jarðvinnu- og veituf framkvæmdum á leið nýja ljósleiðarastrengsins. Ljósleiðarakerfið skal þannig byggt að einnig verði hægt að nota það til að tengja með ljósleiðara byggingar sem eru á leið strengsins, þótt tenging við slíka staði sé ekki hluti þessa

verkefni. Miðað er við að strengurinn komið við í fjarskiptahúsum á leið hans. Miðað er við að verklok séu þegar byggingu ljósleiðarakerfisins er að fullu lokið, öllum frágangi og mælingum lokið og kerfið tilbúið til að hefja um það fjarskiptaþjónustu. Verksali skal framkvæma úttektarprófun á ljósleiðarakerfinu við verklok og skila verkkaupa verklokaskýrslu samkvæmt nánara samkomulagi milli aðila. Verksali útvegar öll verkfæri og mælitæki til þessa verks. Ljósleiðarakerfið verður að engu leyti í eigu verkkaupa. Gerð er krafa um að verksali hagi rekstri kerfisins þannig að þjónusta verði samfelld og í samræmi við uppítíma annarra sambærilegra kerfa og að mestu án truflana. Verksali sér til þess að við bilunum sé brugðist hratt og að viðgerðir taki eins stuttan tíma og mögulegt er. Allar ljósleiðaralagnir að og tengingar við ljósleiðarastreng verksala eru á ábyrgð verksala.

### 3. Jafnræði viðskiptavina

Ljósleiðaranetið skal vera svokallað „kerfi með opinn aðgang“, þ.e. að það sé opið þjónustuveitendum á jafnræðisgrundvelli. Verksala ber því að bjóða þjónustu sína í heildsölu til þjónustuveitenda þannig að jafnræði gildi, hvað varðar tæknileg og viðskiptaleg skilyrði og kröfur og þjónustuveitendum sé heimilt að sundurgreina boðna þjónustu í mismunandi flokka. Verksali hefur ekki heimild til þess að takmarka á nokkurn hátt möguleika þjónustuveitenda og notenda á því hvernig heildsöluþjónusta verksala er notuð eða hvers konar tæki eða búnaður verði tengdur ljósleiðarakerfinu eða búnaði verksala, enda uppfylli slíkur búnaður gildandi reglugerðir og tæknilegar kröfur til slíkrar notkunar eða tengingar, þ.m.t. tæknilegar kröfur verksala. Verksali skal annast heildsöluviðskipti við þjónustuveitendur á smásölustigi sem vilja veita notendum þjónustu gegnum ljósleiðaranetið og eru slíkir samningar verkkaupa óviðkomandi. Þjónusta verksala skal því vera á heildsölustigi milli verksala og þjónustuveitenda, en þjónusta þjónustuveitenda til notenda gegnum ljósleiðaranetið skal vera á smásölustigi.

### 4. Verðlagning þjónustu

Verðlagning þjónustu í heildsölu skal vera í samræmi við viðmið Póst- og fjarskiptastofnunar um verðlagningu þjónustu og önnur sambærileg viðmið á samkeppnismörkuðum að teknu tilliti til þeirrar opinberu aðstoðar sem verksali nýtur. Verðlagning verksala á þjónustu til þjónustuveitenda skal endurspegla stofn- og rekstrarkostnað verksala vegna kerfisins, auk eðlilegrar álagningar vegna fjárfestinga og áhættu. Verksali skal leggja fram heildsölugjaldskrá fyrir aðgang að ljósleiðara til samþykktar hjá Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en 3 mánuðum áður en ljósleiðarinn er tekinn í notkun. Gjaldskráin skal byggja á kostnaðarviðmiði og við kostnaðargreininguna ber að miða við eftirfarandi meginforsendur:

- Aðgreina skal í bókhaldi stofnkostnað og rekstur ljósleiðara vegna þessa verks frá öðrum rekstri verksala.
- Við ákvörðun stofnfjárfestingar skal miða við heildarfjárfestingu að frádregnum þeim styrk sem verksala er veitt samkvæmt samningi þessum. Heimilt er að framreikna stofnverðið með vísitölu byggingakostnaðar í árlegri endurskoðun gjaldskrár.
- Miða skal við að fjárfesting verksala endurheimtist á líftíma eignarinnar og skal miða við 25 ára líftíma fjárfestingar.
- Beita skal árgreiðsluáferð til að reikna árlegan fjárfestingarkostnað.



- Miða skal við raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, þar sem áhættuálag endurspeglar áhættu sem tengist starfsemi á viðkomandi markaði.
- Árlegur rekstrarkostnaður viðkomandi ljósleiðaranets skal byggja á raunkostnaði síðast liðins fjárhagsárs hverju sinni.
- Heimilt er að taka tillit til hlutdeildar í sameiginlegum kostnaði (svo sem yfirstjórn og upplýsingatækni) sem dreift er hlutfallslega jafnt á viðkomandi rekstrareiningar í samræmi við beinan kostnað hverrar rekstrareiningar.
- Meðaltals einingarkostnaður fyrir viðkomandi net er reiknaður út frá heimfærðum rekstrar- og fjárfestingarkostnaði.

Við yfirferð Póst- og fjarskiptastofnunar á heildsölugjaldskrá verksala mun stofnunin hafa niðurstöðu úr verðsamanburði til hliðsjónar við ákvörðun hámarksverðs. Eftirfarandi viðmið verða lögð til grundvallar við framkvæmd verðsamanburðar:

- Miða skal við auglýst verð á samskonar þjónustu á Íslandi.
- Ef verð eru breytileg eftir svæðum, þá skal miða við gjaldskrá sambærilegra svæða, t.d. með tilliti til landfræðilegra aðstæðna og þéttleika byggða.
- Miða skal við hreint meðaltal þeirra gjaldskráa sem falla undir ofangreind skilyrði.

Um getur verið að ræða sérstaka gjaldskrá fyrir viðkomandi svæði. Slík svæðisbundin gjaldskrá mun meðal annars verða borin saman við gjaldskrá fyrirtækis sem útnefnt er með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta og styðjast við sambærileg kostnaðarviðmið sem hún byggir á.

## 5. Gagnsæi og eftirlit

Verksali skal tilkynna verkkaupa og Póst- og fjarskiptastofnun um breytingar á verðskrá. Verksali skal afhenda gildandi verðskrá þeim sem um það biðja. Verksali skal eigi síðar en 30. desember 2016 birta opinberlega grunnupplýsingar um m.a. eftirtalin atriði:

- Þjónustuframboð.
- Þjónustugjöld og greiðslufyrirkomulag.
- Þjónustugæði.
- Kerfis- og tæknihögun.

Verkkaupi skal birta upplýsingar um eftirfarandi á heimasíðu sinni:

- Rökstuðningur fyrir samningi.
- Afrit af samningi.
- Nafn félagsins, aðsetur og þjónustusvæði þjónustuveitanda.
- Árlegar greiðslur til verksala.

## 6. Greiðslur

Verkkaupi greiðir verksala í samræmi við raunkostnað verksala vegna þessa samnings. Greiðslum skal verksali ráðstafa til að greiða stofnkostnað verksins (sjá fylgiskjal 1). Verði rekstrarkostnaður umfram rekstrartekjur verksala af ljósleiðarakerfinu þá verður samanlögð hlutdeild hins opinbera, með framlögum til verksala komi til þeirra, aldrei hærri en munur á rekstrarkostnaði og rekstrartekjum að viðbættum sanngjörnum hagnaði. Verksali skal skila

f.s.

sundurliðuðum reikningum fyrir greiðslum fyrir stofnkostnaði til verkkaupa. Greitt verður fyrir verkið með eftirfarandi hætti:

1. Fyrirframgreiðsla: Við staðfestingu samnings þessa er gjalddagi 30% áætlaðs kostnaðar.
2. Áfangagreiðsla: Sjöttú og fimm dögum fyrir verklok er gjalddagi 35% áætlaðs kostnaðar með því skilyrði að verklegar framkvæmdir verði hafnar og að verksali staðfesti að verklok verði innan þessa tíma. Verkkaupi áskilur sér rétt til að leggja mat á hvenær verklok verða og telji hann lengra í verklok seinkar gjalddaga til samræmis.
3. Lokagreiðsla: Fimm virkum dögum eftir staðfestingu verkkaupa á verklokum er gjalddagi endanlegs kostnaðar.

## **7. Eftirlit með kostnaði**

Verksali skal halda öllum kostnaði niðri við verkið eins og unnt er. Verksali skal leggja fram afrit af öllum reikningum vegna stofnkostnaðar til grundvallar greiðslu frá verkkaupa. Verkkaupi yfirfer reikninga verksala og sannreynir að þeir tilheyri stofnkostnaði verksins og metur hvort kostnaði hafi verið haldið í lágmarki og að hann sé bæði hæfilegur og eðlilegur. Við lokagreiddslu stofnkostnaðar skal verkkaupi að fullu gera upp við verksala. Þannig verður ekki hætta á ofgreiðslu stofnkostnaðar frá verkkaupa. Komi þrátt fyrir það til ofgreiðslu, skal koma til endurgreiðslu styrks. Ekki er gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður verði greiddur af verkkaupa.

## **8. Sala á ljósleiðarakerfinu og ráðstöfun söluandvirðis**

Verksala er heimilt í samráði við innanríkisráðuneytið að selja ljósleiðarakerfið traustum aðila í opnu söluferli. Skyldur samkvæmt samningi þessum yfirferast á nýjan eiganda við söluna. Verði af slíkri sölu þá heldur verksali eftir söluandvirðinu enda verði þeim fjármunum varið til uppbyggingar fjarskiptainnviða á vegum verksala.

## **9. Vanefndir og uppsögn**

Verksali skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samning þennan. Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verksala er verksali að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þess. Vanefndir verksala veita verkkaupa heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum kaupa- og samningaréttar. Leiti verksali nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er verkkaupa heimilt án fyrirvara að segja samningi upp. Verði um ítrekaðar eða stórfelldar vanefndir af hálfu verksala að ræða getur verkkaupi rift samningi án fyrirvara. Sama gildir ef verksali verður uppvís að refsiverðu athæfi varðandi framkvæmd samnings þessa, s.s. um undanskot frá greiðslu þungaskatts.

## **10. Undirverktakar**

Verksala er óheimilt, án skriflegs samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum samkvæmt samningi þessum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali fær slíka heimild, breytast í engu skyldur verksala gagnvart verkkaupa.

A.S. *[Handwritten signature]*

## 11. Framsal réttinda

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

## 12. Tengiliðir sammings

Verksali og verkkaupi tilnefna hvor um sig einn tengilið vegna framkvæmdar og eftirlits með samningnum.

## 13. Gildistími

Samningur þessi tekur gildi við undirritun og er gildistími 7 ár.

## 14. Ágreiningsmál

Komi upp ágreiningsmál vegna verkefnis sem samningur þessi tekur til, á samningstíma, skal verksali þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verksala. Skulu aðilar hvor um sig tilnefna einn aðila, sem í sameiningu skulu leitast við að leysa úr slíkum ágreiningi. Fáist ekki úrlausn ágreiningsmála með þessum hætti, skal vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## 15. Frumrit sammings

Af samningi þessum eru gerð 2 samhljóða eintök. Gögn sem talin eru upp í 6. gr. eru fylgiskjöl með samningi og hluti af honum.


Reykjavík, 10. mars 2016.

F.h. fjarskiptasjóðs



Nafn

F.h. Öryggisfjarskipta ehf.



Nafn

Vottar að undirritun og dagsetningu:



kt. 250659 6289

kt. 

270366-4229



## Fylgiskjal 1

### Verk- og kostnaðaráætlun

Verksali hefst handa við undirbúning verksins við staðfestingu samningsins. Miðað er við að nauðsynleg leyfi og samningar við birgja liggi fyrir eigi síðar en 15. maí 2015.

Meginhluti framkvæmda, sem skiptast í aðalatriðum í jarðvinnuframvæmdir annars vegar og lagningu sæstrengja hins vegar, er áætlaður sumarið 2016. Stefnt er að því að verkinu verði lokið 1. nóvember 2016.

Kostnaðar við verkið er áætlaður eftirfarandi:

- Jarðvinna: 110 m.kr.
- Jarðstrengir og tengiefni: 20 m.kr.
- Sæstrengir og vinna við lagningu þeirra: 55 m.kr.
- Tengivinna ljósleiðara: 10 m.kr.
- Eftirlit og umsjón: 15 m.kr.
- Annað ótalið: 10 m.kr.
- Samtals: 220 m.kr.

Af þessu er gert ráð fyrir að Orkubú Vestfjarða greiði allt að 30 mkr. vegna lagningar rafstrengs á um 20 km hluta leiðarinnar, háð því hvað jarðvinna mun á endanum kosta (miðað við 50/50 skiptingu kostnaðar).

Eftirstöðvar 190 m.kr. skiptist þannig í meginatriðum:

- Jarðstrengir 45km: 120 m.kr.
- Sæstrengir 8 km: 60 m.kr.
- Annað: 10 m.kr.

Upphæðir eru án vsk.

Í þessari kostnaðaráætlun liggur áhætta aðallega í jarðvinnuhluta verkefnisins þar sem landslag getur verið erfiðara eða auðveldara en miðað er við. Verksali mun leitast við m.a. með vandlega valinni lagnaleið að auðvelda jarðvinnuhluta verksins eins og kostur er og þar með takmarka kostnað eins og frekast er unnt.